

## **Prófnefnd löggiltra endurskoðenda**

Próf til löggildingar í endurskoðunarstörfum – seinni hluti

21. október 2011

kl. 9:00 – 17:00

### **Ábendingar:**

*Áætlaður tími við úrlausn hvers verkefnis svarar til vægis þess í heildareinkunn. Það er því skynsamlegt að nýta próftímann með hliðsjón af vægi verkefna.*

*Vinsamlega notið excel-skjöl sem fylgja til þess að leysa verkefnin. Einnig er heimilt að skila lausnum verkefna í word-skjali.*

*Merkið allar lausnir með prófnúmeri og einungis með prófnúmeri. Ef úrlausn er merkt með nafni prófmans telst hún ógild og prófmaður fallinn.*

*Prófmenn hafa á heimasvæði prófsins aðgang að alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, lögum, reglugerðum og reglum, sem gæti reynt á í prófinu.*

*Drög að samstæðuársreikningi Útgerðar og vinnslu hf. fyrir árið 2010 liggja til grundvallar nokkrum verkefnum sem lögð eru fyrir prófmenn. Ársreikningurinn er gerður á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Við úrlausn einstakra verkefna skal byggt á drögunum og þeim upplýsingum sem prófmenn fá í verkefninu. Leysa skal sérhvert verkefni óháð öðrum verkefnum í prófinu og þeim upplýsingum sem þar koma fram, nema annað sé sérstaklega tekið fram.*

*Móðurfélagið Útgerð og vinnsla, er hlutafélag sem á innlend og erlend dótturfélög. Fyrirtækið rekur útgerð og fiskvinnslu, veiðir bæði uppsjávarfisk og botnfisk, sem ýmist er unninn um borð í veiðiskipum eða í landi. Þá stundar félagið fiskeldi og hefur fjárfest í erlendum útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum. Félagið hefur skráð skuldabréf sín í Kauphöllinni.*

*Prófmenn eru beðnir um að prenta tvö afrit af lausnum og skila öðru þeirra í prófmöppu að prófinu loknu.*

*Prófmönnum er heimilt að taka með sér báða hluta prófsins, lausnir, ársreikning og önnur gögn að loknum seinni prófdegi.*

### Verkefni 1 – 60 mín.

Í lok árs 2010 keypti A hf. 95% hlut í félaginu B ehf. fyrir 17.883.750 kr. A fjármagnaði kaupin að öllu leyti með útgáfu nýs hlutafjár. Eftirfarandi kostnaður féll til við gerð samnings: 783.750 kr. lögfræðikostnaður, 1.000.000 kr. fyrir áreiðanleikakönnun og 1.091.250 kr. vegna ýmiss kostnaðar við útgáfuna.

Þegar kaupin áttu sér stað voru eftirfarandi upplýsingar til staðar:  
Úr ársreikningi B ehf. í lok árs 2010:

Hlutafé	6.000.000
Yfirverðsreikningur	3.525.000
Óráðstafað eigið fé	5.010.000

Upplýsingar úr áreiðanleikakönnun á félaginu B ehf.:

	Gangvirði	Bókfært verð	Líftími - ár
Óefnisleg eign	450.000		3
Fasteign	9.675.000	8.475.000	10
Land	3.870.000	2.970.000	ótiltekið
Vélar og tæki	5.805.000	5.055.000	2,5
Birgðir	7.890.000	7.500.000	0,25
	<hr/> 27.690.000	<hr/> 24.000.000	

Í lok mars 2011 greiddi B arð að fjárhæð 600.000 kr., en A greiddi arð að fjárhæð 2.400.000 kr.

Á tímabilinu janúar - júní 2011 áttu sér stað innbyrðis viðskipti milli A hf. og B ehf. Dótturfélagið seldi vörur til móðurfélagsins með 25% álagningu eða fyrir samtals 1.800.000 kr. Af því eru vörur fyrir 600.000 kr. óseldar í lok júní 2011 hjá A hf. Móðurfélagið skuldaði dótturfélaginu í lok tímabilsins 450.000 kr. Þessi viðskipti hafa verið færð í bókhaldi hjá báðum félögum.

A hf. færði viðskiptavild af eignarhluta sínum í B í samstæðureikninginn, en ekki af hlut minnihlutans. Félagið hefur því beitt svokallaðri hlutfallslegri aðferð (e. proportionate).

Hér á eftir eru árshlutareikningar fyrir A hf. og B ehf. A hefur beitt ófullkominni hlutdeildaraðferð við færslu eignarhlutans, þar sem ekki er tekið tillit til óinnleysts hagnaðar af viðskiptum milli félaganna.

	A hf.	B hf.
<b>Rekstrarreikningur 1. janúar 2011 til 30. júní 2011</b>		
	1.1.2011 -	1.1.2011 -
	30.6.2011	30.6.2011
Sala	84.165.000	16.335.000
	84.165.000	16.335.000
Kostnaðarverð seldra vara	-58.875.000	-10.500.000
Rekstrarkostnaður	-8.340.000	-1.935.000
	-67.215.000	-12.435.000
Rekstrarhagnaður tímabilsins	16.950.000	3.900.000
Nettó fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-10.650.000	-2.550.000
Áhrif af rekstri dótturfélags	641.250	0
Hagnaður tímabilsins	6.941.250	1.350.000
<b>Efnahagsreikningur 30. júní 2011</b>		
Eignir	30.6.2011	30.6.2011
Ófnislegar eignir:		
Viðskiptavild	1.425.000	0
	1.425.000	0
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteign	22.500.000	7.500.000
Land	18.000.000	5.250.000
Vélar og tæki	13.500.000	4.500.000
	54.000.000	17.250.000
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Fjárfesting í dótturfélagi	17.955.000	0
Veltufjármunir:		
Birgðir	12.915.000	6.585.000
Viðskiptakröfur	1.807.500	1.275.000
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreidd	1.507.800	990.000
Handbært fé	6.269.700	3.300.000
	22.500.000	12.150.000
Eignir samtals	95.880.000	29.400.000
Eigið fé og skuldir		
Hlutfé	15.855.000	6.000.000
Yfirverðsreikningur	23.425.500	3.525.000
Óráðstafað eigið fé	20.291.250	5.760.000
	59.571.750	15.285.000
Skuldir		
Langtímaskuldir:		
Skuldir í íslenskum krónum	20.205.750	7.800.000
Aðrar langtímaskuldir	10.500.000	3.075.000
	30.705.750	10.875.000
Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	1.845.000	900.000
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	3.300.000	754.500
Aðrar skammtímaskuldir	457.500	1.585.500
	5.602.500	3.240.000
Skuldir samtals	36.308.250	14.115.000
Eigið fé og skuldir samtals	95.880.000	29.400.000

Verkefni þitt er eftirfarandi:

- A) Gerðu samstæðuárshlutareikning móðurfélags A hf. og dótturfélags þess B ehf. 30. júní 2011 samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Nauðsynlegt er að sýna með skýrum hætti allar jöfnunar færslur sem þörf er að færa.
- B) Sýndu að auki útleiðslu á eignarhlutanum í dótturfélaginu og hlutdeild minnihluta frá kaupum fram til 30. júní 2011. Í útleiðslunni þurfa eftirfarandi þættir að koma fram:
1. Hlutdeild móðurfélags og minnihluta í bókfærðu eigin fé dótturfélags.
  2. Hlutdeild móðurfélags og minnihluta í yfirverði
  3. Hlutdeild móðurfélags í viðskiptavild.

Ekki þarf að taka tillit til skatta í þessu verkefni.


### Verkefni 2 – 40 mín.

Að undanfögnu hefur forstjóri Útgerðar og vinnslu hf. mikið velt fyrir sér nýlegum breytingum á alþjóðlegum reikningsskilastaðli nr. 24 og áhrifum þeirra á ársreikning félagsins. Hann hefur teiknað myndir af tengslum félagsins við nokkra aðila. Hann vill fá upplýsingar um hverjir eru tengdir aðilar Útgerðar og vinnslu hf. á myndunum.

Forstjóri félagsins hefur látið í té eftirfarandi upplýsingar sem hann heldur að taka þurfi tillit til við vinnslu greinargerðar til hans:


Kristján Teitsson, einn af fimm stjórnarmönnum Útgerðar og vinnslu hf., er lykilstjórnandi í félaginu Eigandi ehf. (D1). Hann er að auki í endurskoðunarnefnd Útgerðar og vinnslu hf.

Mynd 1



\* Key management personnel (KMP) = Lykilstjórnandi

Mynd 2



\*Key management personnel (KMP) = Lykilstjórnandi

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Gerðu forstjóranum grein fyrir hverjir eru tengdir aðilar og hverjir ekki á mynd 1 og mynd 2 hér að framan með vísan til alþjóðlegra reikningsskilastaðla.**

**Hann biður þig aðeins um að tilgreina hvort D1 til D7 og N2 til N9 teljist tengdir aðilar eða ekki og fylla inn í svarskjal sem hann hefur útbúið:**

- A) **Eru D1 til D7 tengdir aðilar í ársreikningi móðurfélags Útgerðar og vinnslu hf.?**
- B) **Eru N2 til N9 tengdir aðilar í ársreikningi samstæðu Útgerðar og vinnslu hf.?**
- C) **Forstjórinn biður þig um að greina frá hvaða upplýsingar eigi að koma fram í skýringum í ársreikningi samstæðunnar í tengslum við þá tengdu aðila sem greindir hafa verið í B) lið.**

**Verkefni 3 - 70 mín.**

Félagið Norðurfiskur ehf. er 25 ára gamalt og rötgróið 60 manna fyrirtæki á Siglufirði sem hefur frá upphafi starfað á sviði veiða og vinnslu sjávarafla. Fjármálastjóri Norðurfisks ehf., sem er hlutdeildarfélag Útgerðar og Vinnslu hf., hefur gert drög að rekstrarreikningi og efnahagsreikningi fyrir árið 2010 (sjá svarskjal).

Hér á eftir eru ýmsar upplýsingar er varða rekstur félagsins á árinu 2010 sem hugsanlega geta haft áhrif á skattútreikninga ársins 2010 og eru allar fjárhæðir án virðisaukaskatts:

1. Viðskiptakröfur voru færðar niður í árslok 2009 um kr. 5.000.000 til þess að mæta hugsanlegum töpuðum kröfum samkvæmt viðskiptamannabókhalda en fram til þess tíma hafði félagið ekki þurft að niðurfæra kröfur sínar í reikningsskilum.

Á árinu 2010 töpuðust endanlega kr. 500.000 í gjaldþroti eins viðskiptavina félagsins og hefur tapið verið fært í rekstrarreikning ásamt kr. 3.200.000 sem fjármálastjórinn telur nauðsynlegt að gjaldfæra vegna óvissu um innheimtanleika viðskiptakrafna í árslok 2010.

2. Birgðir eru eignfærðar á kostnaðar- eða framleiðsluvirði, nema dagvirði þeirra sé lægra, þá eru þær eignfærðar á dagvirði.
3. Á árinu 2009 nam gengistap félagsins kr. 24.500.000 og gengishagnaður nam kr. 2.000.000. Árið 2010 var félaginu hagstæðara hvað gengisáhrif varðar, en á því ári nam gengistapið einungis kr. 2.500.000 en gengishagnaður nam kr. 8.500.000.
4. Á árinu 2010 seldi félagið allan eignarhlut sinn í Trosi ehf. fyrir kr. 2.000.000. Bókfærður söluhagnaður nam kr. 500.000. Norðurfiskur ehf. hafði keypt 2% hlut í Trosi ehf. á árinu 2004 fyrir kr. 500.000 og önnur 2% á árinu 2007 fyrir kr. 1.000.000. Norðurfiskur ehf. hafði í skattframtali sínu 2008, fært að fullu niður kaupverð bréfanna vegna þess að á árinu 2007 hafði félagið hagnast umtalsvert á hlutabréfaviðskiptum.
5. Skattalegt bókfært virði aflaheimilda í lok árs 2009 var kr. 28.000.000. Meðal þeirra var aflahlutdeild í þorski og eru eftirfarandi upplýsingar úr skattalegri fyrningaskýrslu fyrir árið 2009:

		Skattalegt
Kaupár	Hlutdeild	bókfært verð
1997	0,1386%	0
2002	0,0481%	10.000.000
2003	0,1150%	13.000.000

Á árinu 2010 seldi Norðurfiskur ehf. aflahlutdeild í þorski til Útgerðar og vinnslu hf. fyrir kr. 6.500.000 en um var að ræða 0,00184% aflaheimilda í þorski vegna fiskveiðiársins sem hófst 1. september 2010. Félagið bókfærði söluhagnað í rekstrarreikningi sínum vegna þessara viðskipta að fjárhæð kr. 1.500.000.

6. Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir úr skattalegri fyrningatöflu fyrir árið 2009:

	Fiskvinnslu- húsnæði	Skrifstofu- húsnæði	Fiskiskip	Fiskvinnslu- vélar	Önnur áhöld og tæki	Samtals
Stofnverð 1/1 2009	92.000.000	22.000.000	240.000.000	56.000.000	25.000.000	435.000.000
Viðbót á árinu			75.000.000	12.000.000	10.000.000	97.000.000
Stofnverð 31/12/2009	92.000.000	22.000.000	315.000.000	68.000.000	35.000.000	532.000.000
Uppsafnaðar fyrm. 1/1/2009	5.520.000	1.980.000	216.000.000	50.400.000	22.500.000	296.400.000
Fyrning ársins	5.520.000	660.000	15.000.000	3.600.000	3.500.000	28.280.000
Samtals fyrningar	11.040.000	2.640.000	231.000.000	54.000.000	26.000.000	324.680.000
Bókfært verð 31/12/2009	80.960.000	19.360.000	84.000.000	14.000.000	9.000.000	207.320.000

Á árinu 2010 fjárfesti félagið í fiskvinnsluvélum fyrir kr. 22.000.000 og seldi eldri vélar fyrir kr. 12.500.000. Gömlu vélnar voru keyptar á árinu 1997 fyrir kr. 15.000.000 og höfðu verið fyrndar niður í niðurlagsverð skattalega, en bókfærður söluhagnaður í rekstri var kr. 4.500.000.

7. Félagið greiddi mótframlag í lífeyrissjóð vegna launa forstjórans sem nam 12% af brúttólaunum hans og að auki sérstaka eingreiðslu í séreignarlífeyrissjóð að fjárhæð kr. 2.500.000 vegna þess að forstjórinn er að nálgast eftirlaunaaldur og lífeyrisréttindi hans rýrnuðu verulega í kjölfar efnahagshrunsins á Íslandi.
8. Meðal gjaldfærðs rekstrarkostnaðar á árinu 2010 eru eftirfarandi útgjaldaliðir:
  - a. Kostnaður vegna árs hátíðar og jólagleði starfsmanna kr. 5.700.000.
  - b. Framlag til starfsmannafélagsins vegna árs hátíðar og jólagleði kr. 350.000.
  - c. Rekstrarkostnaður bifreiðar forstjóra félagsins kr. 920.000. Talin voru fram hlunnindi á forstjórann samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra alls kr. 850.000.
  - d. Gjöf að verðmæti kr. 15.000 til framleiðslustjórans í tilefni af 40 ára afmæli hans.
  - e. Stöðumælasektir vegna bifreiða félagsins kr. 18.000.
  - f. Útvarpsgjald kr. 17.200 samkvæmt álagningarseðli 2010.
  - g. Kaup á flatskjá í fundarherbergi kr. 245.000 og kr. 25.000 greiðsla til rafvirkja vegna uppsetningar.
  - h. Keypt aflamark (leigukvóti) í ýsu alls 5,5 tonn fyrir kr. 1.250.000 þann 15. júlí 2010.
  - i. Viðhald húsnæðis kr. 2.200.000. Settur var gólfdukur á allt skrifstofurýmið en það hafði verið án gólfefna frá því að félagið eignaðist það.
9. Þann 30. apríl 2010 greiddi félagið út arð til hluthafa sinna kr. 50.000.000 og nam afdreginn fjármagnstekjuskattur kr. 9.000.000.
10. Á árinu var hlutafé félagsins aukið um kr. 1.000.000. Aukningin var greidd á genginu 7,5 og nam því yfirverð kr. 6.500.000.

11. Skattaleg niðurfærsla krafna í lok ársins 2009 nam kr. 2.075.000 og birgða kr. 925.000.
12. Félagið hefur gjaldfært meðal afskrifta kr. 6.000.000 vegna frumvarpsdraga sem lögð hafa verið fram á Alþingi og kveða á um innköllun aflaheimilda.
13. Á árinu var samið við viðskiptabanka félagsins um leiðréttingu á gengistryggðu láni í USD sem tekið var á árinu 2006. Leiðréttingin fór fram með þeim hætti að bankinn gaf eftir kr. 75.000.000 af uppreiknaðri stöðu lánsins 31/5 2010 og lengdi jafnframt lánstímann úr 5 árum í 10 ár. Þá var lán sem félagið tók á árinu 2006, sem verðtryggt var miðað við gengi EUR, dæmt ólöglegt, og leiddi endurútreikningur til þess að félagið tekjufærir kr. 25.000.000 á árinu 2010 í rekstrarreikningi sínum.
14. Félagið var með vörubifreið á fjármögnunarleigusamningi en samningnum lauk í desember 2010 og greiddi félagið kr. 200.000 sem lokagreiðslu vegna samningsins. Félagið seldi bifreiðina strax eftir uppgjör samningsins fyrir kr. 8.000.000 eða sem nam bókfærðu virði hennar. Á árinu eru gjaldfærðir vextir að fjárhæð kr. 950.000 vegna samningsins. Leigugreiðslur ársins námu samtals kr. 2.200.000 fyrir utan lokagreiðslu í desember þegar samningi lauk.
15. Tekjuskattsskuldbinding félagsins í árslok 2009 sundurliðast sem hér segir:

Eign	Samkvæmt efnahagsreikn.	Skattalegt verð (skattalegar fyrirskýrslur)	Mismunur	Skuldbinding (inneign)
<b>Fastafjármunir</b>				
Varanlegir rekstrarfjármunir	338.000.000	207.320.000	130.680.000	23.522.400
Varanlegar aflaheimildir	162.000.000	28.000.000	134.000.000	24.120.000
	<u>500.000.000</u>	<u>235.320.000</u>	<u>264.680.000</u>	
<b>Aðrar eignir</b>				
Viðskiptakröfur	36.500.000	39.425.000	(2.925.000)	(526.500)
Birgðir	18.500.000	17.575.000	925.000	166.500
	<u>55.000.000</u>	<u>57.000.000</u>	<u>(2.000.000)</u>	
<b>Skuldbindingar</b>				
Leigusamningar	(1.450.000)	0	(1.450.000)	(261.000)
Dreifing gengistaps 2009			(15.000.000)	(2.700.000)
				<u>44.321.400</u>
			<b>Skuldbinding (reiknuð skattinneign) í árslok</b>	<u>44.321.400</u>

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Leiddu út tekjuskattstofn Norðurfisks ehf. vegna rekstrarársins 2010. Leitast skal við að lágmarka skattstofna eftir því sem lög leyfa og gerið ráð fyrir að félagið hafi á fyrra ári gert slíkt hið sama. Vegna álitamála skal fylgja rökstuðningur og vísa til viðeigandi lagagreina. Greina skal sérstaklega frá þeim fjárhæðum sem þið teljið að hafi ekki áhrif á skattstofn félagsins og ástæðum þess.**



#### Verkefni 4 – 30 mín.

Forsvarsmenn Útgerðar og vinnslu hf. hafa að undanfögnu kannað möguleika á að endurbyggja einn af frystitögurum félagsins og endurnýja hluta af vinnslulínu skipsins og alla frystilínuna. Þá er stefnt að því að koma upp tækjum til að nýta hryggi og annan fiskúrgang sem ekki hefur verið nýttur til þessa. Jafnframt verður skipt um ýmis tæki í brú skipsins, það lengt og málað. Meðfylgjandi er afskriftatafla, sem er í þúsundum evra, vegna skipsins miðað við ársbyrjun 2011, fjárfestingar í marsbyrjun og hvað verður aflagt verði af endurbyggingu:

	Heildarverð 1.1.	Keypt á tímabilinu	Uppsafnaðar afskriftir	Afskrifta- hlutfall (%)	Bókfært verð	Niðurlags- verð (%)	
Skip	8.685		7.426	6	1.259	10	
Baader fiskvinnsluvélar	396		356	12	40	5	Aflagt
Flökunarvél og roðrifa	0	310	0	12,5	310	0	
Flakaflokkarar	261		110	8	152	0	
Lausfrystir	983		614	8	370	10	Aflagt
Plötufrystar	235		99	8	137	10	Aflagt
Frystipressa	36		1	8	34	0	Aflagt
Togvindur	195		95	8	99	0	
	10.791	310	8.701		2.401		

Áætlaður kostnaður við endurbæturnar er sem hér segir:

	Kostnaður	Nýtingartími (ár)	Niðurlags- verð (%)
Vinnslulína	386	8	4
Frystibúnaður	1.219	12	10
Mjölvinnsla	288	15	10
Siglingatæki og búnaður í brú	91	8	0
Lenging	1.750	20	10
Skrokkmálun og gróðurvörn	54	5	0
	3.787		

Gert er ráð fyrir að breytingarnar hefjist 1. júní 2011 og verði lokið 1. nóvember 2011. Aflkvóti skipsins á endurbyggingartímanum verður nýttur af öðrum skipum félagsins ef nauðsynlegt reynist.

#### Verkefni þitt er eftirfarandi:

- A) Hverjar verða afskriftir rekstrarfjármunanna á árinu 2012 og bókfært verð þeirra í árslok 2012?
- B) Settu saman greinargerð sem lögð verður fyrir stjórn félagsins, þar sem gerð verður grein fyrir því hvaða áhrif fyrirhuguð endurbygging skipsins mun hafa á rekstrarreikning samstæðunnar á árinu 2011.

### **Verkefni 5 – 40 mín.**

Vegna fyrirhugaðrar endurskipulagningar á skipastól móðurfélagsins Útgerðar og vinnslu hf. hefur orðið að samkomulagi milli félagsins og Stórhöfða ehf., sem er hlutdeildarfélag í 30% eigu Útgerðar og vinnslu hf., að Stórhöfði kaupi skipið Lunda RE. Bókfært verð skipsins verður 28,7 millj. kr. í árslok 2011. Það verður selt fyrir 46,5 millj. kr. í árslok 2011, en fram að því verður skipið í fullum rekstri hjá Útgerð og vinnslu. Enginn kvóti fylgir skipinu. Í eldri áætlunum Útgerðar og vinnslu frá ársbyrjun 2009 hafði verið gert ráð fyrir að skipið yrði nýtt til ársloka 2018 og yrði þá algerlega verðlaust. Stjórnendur Stórhöfða munu nýta skipið við humarveiðar og gera ráð fyrir að með nokkrum endurbótum á skipinu fyrstu mánuði ársins 2012 verði nýtingartíminn 15 ár, en hrakvirðið ekkert.

### **Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Gerðu stjórnendum Útgerðar og vinnslu, sem nú vinna að endurskoðun rekstraráætlana fyrir árin 2011 og 2012, tölulega grein fyrir því hver áhrif þessara viðskipta munu verða á afkomu og eigin fé samstæðunnar árin 2011 og 2012.**

### **Verkefni 6 - 35 mín.**

Útgerð og vinnsla hf. á 18% eignarhlut í Fiskeldi ehf. sem keyptur var við stofnun síðarnefnda félagsins á árinu 2004. Rekstur Fiskeldis ehf. gekk mjög illa fyrstu árin en eftir hrun íslensku bankanna haustið 2008 breyttust rekstrarforsendur til hins betra og gengur hinn eiginlegi rekstur Fiskeldis ehf. nokkuð vel í dag og er framtíð rekstrarins frekar björt að mati forstjóra félagsins og fiskeldisfræðingsins, Dr. Ölmú Sigurðardóttur. Efnahagur Fiskeldis ehf. er hins vegar ekki góður þar sem skuldir félagsins eru allt of háar, aðallega vegna skuldsettrar fjárfestingar í Kaupþingi banka hf., og blasir gjaldþrot við Fiskeldi ehf. ef ekkert verður að gert. Dr. Alma hefur verið að vinna með kröfuhöfum að skuldaeftirgjöf þannig að reksturinn gangi og liggur fyrir ákveðin tillaga í þeim efnum. Nær allir hluthafar í Fiskeldi ehf. eru jafnframt kröfuhafar og því stendur ekki til að hreyfa við hlutafé í Fiskeldi ehf. Útgerð og vinnsla hf. á kröfu á Fiskeldi ehf. og Þórður Bogason, forstjóri Útgerðar og vinnslu hf., þarf að taka afstöðu til tillögunnar sem fyrir liggur. Meðal annars þarf Þórður að gera sér grein fyrir skattalegum áhrifum af hugsanlegri skuldaeftirgjöf fyrir Fiskeldi ehf., en Dr. Alma hafði ekki látið kanna það. Þórður leitar því til þín.

Eftirfarandi forsendur gilda um Fiskeldi ehf.:

- Staða skuldar Fiskeldis ehf. við kröfuhafa er 1.600 milljónir kr.
- Samkvæmt drögum að samkomulagi Fiskeldis ehf. og kröfuhafa lækkar skuld Fiskeldis ehf. í 400 milljónir kr.
- Í lok rekstrar- og skattársins 1.1.2010-31.12.2010 liggja fyrir eftirfarandi tölur fyrir Fiskeldi ehf.:
  - Yfirfæranlegt skattalegt tap að fjárhæð 200 milljónir kr.
  - Skattalegt gengistap að fjárhæð 200 milljónir kr. sem kemur til skattalegrar gjaldfærslu í skattskilum á næstu tveimur árum, 150 milljónir kr. í skattskilum 2012 og 50 milljónir kr. í skattskilum 2013.

- Svigrúm til fyrningar skv. 33. gr. sbr. 42. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, að fjárhæð 10 milljónir kr. samanber fyrningaskýrslu.
- Hlutfé í Kaupþing banka hf. sem er með skattalegt stofnverð að fjárhæð 800 milljónir kr.

Gert er ráð fyrir að Kaupþing banki hf. leiti eftir og fái nauðasamning eða verði lýstur gjaldþrota samkvæmt lögum nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl.

**Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum. Víska skal til viðeigandi lagaákvæða og rökstyðja svör eftir því sem við getur átt.**

- A) Fyrirhuguð eftirgjöf skulda Fiskeldis ehf. mun fela í sér eignaauka fyrir Fiskeldi ehf. Hver er meginregla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, um skattalega meðferð slíks eignaauka?
- B) Út frá nýsettum bráðabirgðaákvæðum í lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem fjalla um eftirgjöf skulda, hvaða leiðir standa Fiskeldi ehf. til boða og með hvaða hætti lágmarkar Fiskeldi ehf. skattstofna sína til framtíðar að þínu mati?

#### **Verkefni 7 - 40 mín.**

Fyrir allnokkrum árum keypti Útgerð og vinnsla hf. 100% eignarhlut í einkahlutafélaginu Ægi sem átti og rak tvö togskip. Tveimur árum eftir kaupin var ákveðið að sameina félögin undir nafni og kennitölu Útgerðar og vinnslu hf. Við samrunann tók Útgerð og vinnsla hf. yfir langtímaskuld við sparisjóð nokkurn sem nú er í slitameðferð skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Krafa sparisjóðsins á Útgerð og vinnslu hf. hefur nú verið yfirtekin af banka sem stofnaður var eftir hrúnið haustið 2008.

Krafan á Útgerð og vinnslu hf. byggist á veðskuldabréfi sem Ægir ehf. gaf út til sparisjóðsins í júlí 2003. Eftirfarandi staðreyndir liggja fyrir um veðskuldabréfið:

- Veðskuldabréfið, sem gefið var út í tilefni af lánveitingunni ber fyrirsögnina „Veðskuldabréf: Fasteignalán í erlendri mynt“ og áritunina „Skuldabréfið er gengistryggt, með breytilegum LIBOR vöxtum og jöfnum afborgunum.“
- Lánsfjárhæð skuldabréfsins er tiltekin fjárhæð í íslenskum krónum, en tekið fram að hún sé „jafnvirði“ nánar tilgreindra erlendra mynta í hlutföllum sem þar greinir.
- Í skuldabréfinu er kveðið á um að lánið sé „bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á ofangreindum myntum. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á sölugengi hvernar myntar eins og það er á útborgunardegi til fyrsta gjalddaga, og síðan í hlutfalli við breytingar á sölugengi myntanna milli gjalddaga.“
- Lántaki fékk afhent fylgiskjal, sem var eins konar greiðsluáætlun. Í fylgiskjalinu var yfirlit um greiðslur á hverjum hinna nánar tilgreindu gjalddaga, þar sem fram kom við hvern þeirra hvernig hverri greiðslu yrði skipt í afborgun, vexti og kostnað, allt í íslenskum krónum.

Svo vill til að forstjóri Útgerðar og vinnslu hf., Þórður Bogason, á stofnfé í framangreindum sparisjóði í gegnum einkahlutafélag sitt Græðum og grillum ehf. Þar sem stofnfé Græðum og grillum ehf. í sparisjóðnum er einskis virði en skuldir þess félags allháar liggur fyrir að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta. Stöðu sinnar vegna vill Þórður forðast það í lengstu lög. Þar sem skuldir Græðum og grillum ehf. eru við tengda aðila, þ.m.t. við Þórð sjálfan, er skuldaeftirgjöf möguleg og þannig mætti komast hjá gjaldþrotaskiptum. Sú spurning vaknar hins vegar hvort hugsanleg skuldaeftirgjöf geti leitt til þess að Græðum og grillum ehf. þurfi að greiða tekjuskatt, eða hvort félagið geti á móti tekjufærslu eftirgjafar gert skattalega gjaldfærslu vegna afskriftar stofnfjárins.

**Verkefni þitt er að svara eftirfarandi spurningum. Víska skal til viðeigandi lagaákvæða og rökstyðja svör eftir því sem við getur átt.**

- A) **Getur Græðum og grillum ehf. gert skattalega gjaldfærslu vegna afskriftar stofnfjárins?**
- B) **Er hugsanlega eitthvað athugavert við veðskuldabréfið sem áhrif getur haft á samningssamband skuldarans og kröfuhafans? Ef svo er þá skaltu lýsa því og hvaða afleiðingar það getur haft.**
- C) **Hafa hugsanlegar afleiðingar sem um er rætt í B) einhverja skattalega þýðingu? Ef svo er skaltu reifa hvaða skattalega þýðingu það getur haft.**

#### **Verkefni 8 – 30 mín.**

Eldfell hf. hefur rekið umfangsmikla starfsemi, sem óx mjög á árunum fyrir hrún. Félagið hugði á skráningu á hlutabréfamarkað vorið 2009, þó ekki yrði af því, og hefur því gert ársreikninga sína í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla frá árinu 2007. Félagið hefur undanfarin misseri unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu, sem lauk með frjálsum nauðasamningum við kröfuhafa félagsins þann 25. júní 2011. Óskað er eftir aðstoð þinni vegna framsetningar á eftirtöldum liðum í rekstrarreikningi:

- Eldra hlutafé félagsins að nafnverði 600 millj. kr. var fært niður að fullu og nýtt hlutafé að nafnverði 300 millj. kr. var selt kröfuhöfum fyrir 1.500 millj. kr. samkvæmt samningnum. Hlutaféð var greitt með niðurfellingu skulda með sama gangvirði, en alls gáfu kröfuhafar eftir kröfur að fjárhæð 14.500 millj. kr. Aðrar kröfur að fjárhæð 6.600 millj. kr. voru greiddar með útgáfu skuldabréfa með árlegum gjalddögum höfuðstóls og vaxta næstu sjö árin, en vaxtakjörin eru félaginu nokkru hagstæðari en markaðsvextir á sama tíma.
- Félagið gerði upp ábyrgð sem það hafði gengist í fyrir félag, sem nú er gjaldþrota, og var í eigu fyrrverandi eigenda Eldfells. Ábyrgðin nam 820 millj. kr. og hafði ekki verið færð í bækur félagsins, en var getið í skýringum ársreikninga undanfarinna ára. Tekið var tillit til hennar við gerð frjálsum nauðasamninganna.
- Viðskiptavild félagsins, sem bókfærð var á 6.514 millj. kr. í árslok 2010, féll á virðisrýrnunarprófi, sem sýndi að endurheimtanlegt virði hennar í lok júní nam 262 millj. kr.

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Gerðu grein fyrir framsetningu framangreindra liða í rekstrarreikningi Eldfells hf. fyrir fyrri helming ársins 2011 og hvort eða hvernig upplýsingar um þessa liði kæmu fram í skýringum.**

**Verkefni 9 – 30 mín.**

Í tékklista (e. disclosure checklist) sem er í svarskjalinu er talinn upp hluti ákvæða í alþjóðlegum reikningsskilastaðli um tekjuskatt. Listinn hefur ekki verið fylltur út.

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**Fylltu tékklistann út, þannig að fram komi í honum hvort upplýsingar í ársreikningnum uppfylli ákvæði staðalsins. Notaðu já ef ákvæðið er uppfyllt, nei ef það er ekki uppfyllt og ev. ef ákvæðið á ekki við. Notaðu athugasemdarálkinn til að greina frá því hvar í ársreikningi Útgerðar og vinnslu hf. upplýsingar eru sem uppfylla ákvæði staðalsins (t.d. númer skýringar) og til að útskýra hvers vegna ákvæði eru ekki uppfyllt eða eiga ekki við.**

**Verkefni 10 – 40 mín.**

Vegna fyrirhugaðra fjárfestinga á næstu árum eru forsvarsmenn Útgerðar og vinnslu hf. að íhuga ýmsa fjármögnunarmöguleika. Einn af þeim er útgáfa breytanlegs skuldabréfs. Heildarnafnverð útgáfunnar á að vera 1.000 millj. kr. og á að gefa skuldabréfið út í 10 millj. kr. einingum að nafnverði. Skuldabréfið á að vera til fimm ára. Af höfuðstól skuldarinnar á að greiða 5% fasta ársvexti, sem reiknast frá útgáfudegi. Vextir verða greiddir árlega. Kostnaður sem tengist útgáfunni er 2% af lánsfjárhæð. Breytilegi þáttur bréfsins felur í sér að hvenær sem er á lánstímanum geta þessar 10 millj. kr. einingar breyst í 600 hluti hver. Ef breytirétturinn verður nýttur þá munu að öllum líkindum verða gefnir út samtals 60 þúsund hlutir. Breytirétturinn er hjá eiganda bréfsins. Markaðsvextir á eins skuldabréfi án breytiréttar eru 8%.

**Verkefni þitt er eftirfarandi:**

**A) Gerðu stjórnendum Útgerðar og vinnslu hf. grein fyrir því hvernig setja ætti breytanlega skuldabréfið fram í reikningsskilum samstæðunnar samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Stjórnendur vilja fá tölulega niðurstöðu ásamt útskýringum á mati og framsetningu skuldabréfsins í efnahagsreikningi og áhrifum þess á rekstrarreikning.**

**B) Stjórnendur eru líka að velta fyrir sér útgáfu á skuldabréfi sem bundið yrði neysluerðsvísitölu með ákveðinni breytiskyldu sem myndi fela í sér eftirfarandi:**

**1. Á skiptidegi yrði skuldabréfinu ráðstafað þannig:**

**Ef gengi hlutabréfa í félaginu er jafnt eða hærra en 14 þús. kr. fyrir hverja krónu nafnverðs hlutafjár verður afhentur X fjöldi hluta, reiknaður með eftirfarandi hætti:**

**X fjöldi hluta = Uppgreiðsluverðmæti skuldabréfs/14 þús. kr.**

**2. Ef gengi hlutabréfa í félaginu er lægra en 14 þús. kr. verður afhentur Y fjöldi hluta, reiknaður með eftirfarandi hætti:**

**Y fjöldi hluta = Uppgreiðsluverðmæti skuldabréfs/markaðsgengi**

**Stjórnendurnir vilja fá að vita hvernig þessi tegund af breytipætti hefur áhrif á mat og framsetningu skuldabréfs í efnahagsreikningi. Stjórnendum nægir að fá efnislega greinargerð og því er ekki þörf á neinum útreikningum.**

### **Verkefni 11 – 30 mín.**

Aðalbókari Útgerðar og vinnslu hf. kemur til þín með leigusamning um vél sem félagið hefur nýlega gert. Hann er í miklum vandræðum með hvernig hann eigi að meðhöndla samninginn í bókhaldinu og leitar til þín um hjálp. Leigusalinn selur slíkar vélar fyrir 8,0 millj. kr.

Eftirfarandi er hluti af skilmálum samningsins:

Samkvæmt leigusamningi á að greiða fyrstu leigugreiðsluna 1. janúar 2012 og er um fyrirframgreiðslu að ræða fyrir tímabilið 1. janúar 2012 – 30. júní 2012. Næsta greiðsla þar á eftir á að vera 30. júní 2012 sem er fyrirframgreiðsla fyrir tímabilið 1. júlí 2012 – 31. desember 2012. Hver leigugreiðsla er 1,3 millj. kr. Heildar leigutími er 4 ár eða frá ársbyrjun 2012 til ársloka 2015. Áætlaður nýtingartími vélarinnar er 5 ár.

Í lok leigutímans er talið að vélin verði 1,5 millj. kr. virði. Í leigusamningi er kveðið á um kauprétt leigutakans í lok leigutímans að fjárhæð 0,4 millj. kr.

### **Verkefni þitt er eftirfarandi:**

- A) Gerðu aðalbókaranum grein fyrir hvernig eigi að meðhöndla leigusamninginn í bókhaldi félagsins samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.**
- B) Gerðu greiðsluáætlun og reiknaðu út innri vexti samnings sem þarf að nota við gerð greiðsluáætlunar.**
- C) Sýndu aðalbókaranum með skilmerkilegum hætti þær fjárhæðir og færslur sem þarf að gera á árinu 2012.**

### **Verkefni 12 - 35 mín.**

Eftirfarandi upplýsingar liggja fyrir um rekstur Vatnsberans ehf. á tímabilinu nóvember – desember 2010:

- 1. Félagið er iðnaðarfyrirtæki og selur bæði vörur og þjónustu til innlendra aðila um allt land. Starfsemin fer fram að hluta til í eigin húsnæði og að hluta til í leiguhúsnæði sem skráð er frjálsri skráningu.
- 2. Allar fjárhæðir eru með virðisaukaskatti ef um það er að ræða.
- 3. Félagið seldi vörur og þjónustu fyrir kr. 15.200.000.
- 4. Félag sem Vatnsberinn ehf. átti í viðskiptum við varð gjaldþrota á tímabilinu. Viðskiptareikningur þess hjá Vatnsberanum ehf. greinist þannig:

11.11.2009	Reikningur 156866	456.800
31.12.2009	Vaxtanóta	11.730
15.1.2010	Reikningur 157822	38.250
31.1.2010	Vaxtanóta	6.471
		<u>513.251</u>

5. Vatnsberinn seldi hluta af eigin húsnæði á tímabilinu fyrir kr. 12.000.000. Kaupandi yfirtók innskattskvöð að fjárhæð kr. 100.000. Reikningur frá fasteignasala vegna sölu húsnæðisins var að fjárhæð kr. 225.900.
6. Innlend vörukaup voru að fjárhæð kr. 2.350.000 en um var að ræða hráefni til framleiðslunnar.
7. Erlend vörukaup voru að fjárhæð kr. 800.000 að meðtöldum aðflutningsgjöldum, en auk þess var greiddur virðisaukaskattur hjá Tollstjóra að fjárhæð kr. 200.000.
8. Stóra Vélaverkstæðið hf. greiddi kr. 2.000.000 þann 31. desember inn á stórt verk sem Vatnsberinn ehf. ætlar sér að vinna fyrir þá í janúar 2011.
9. Önnur útgjöld á tímabilinu voru:
  - a. Reikningur frá tölvuþjónustu vegna tölvuviðgerða kr. 65.500.
  - b. Reikningur frá Hótel KEA vegna gistingar sem tengdist söluferð á Norðurlandi, kr. 18.700.
  - c. Reikningur fyrir kaffi og te fyrir kaffistofu félagsins kr. 5.800.
  - d. Reikningur fyrir húsaleigu í 2 mánuði, kr. 140.000.
  - e. Laun og launatengd gjöld kr. 9.800.000.
  - f. Jólagjafir til starfsmanna kr. 84.600.
  - g. Flugfargjald til Akureyrar kr. 18.250.
  - h. Eldhúsinnrétting í kaffistofu kr. 225.000.
  - i. Örbylgjuofn fyrir kaffistofu kr. 28.900.

**Verkefni þitt er að leiða út skattskylda veltu, útskatt og innskatt á tímabilinu sem um ræðir.**

**Á næstu tveimur síðum er fylgiskjal með verkefni 3**